

**91** Enn fremur leggur ráðuneytið svo fyrir, að bifreiðar þær, sem teljast til nr. 4 24. júní í 75. kafla tollskrár, skuli við tollskoðun og tollútreikning flokkaðar í einhvern eftirgreindan undirflokk (a, b, c eða d):

## Tollskrá

Kafli Nr.

- 75 4 — vöruflutningabifreiðar:
- (a) — — vörubifreiðagrindur án palls og stýrishúss.
  - (b) — — vörubifreiðagrindur með palli og stýrishúsi fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
  - (c) — — sendiferðabifreiðar. Bifreiðar teljast því aðeins hér til, að aðeins sé sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum, að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm og að ekki séu gluggar eða rúður á bílnum fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.
  - (d) — — aðrar.

Með auglýsingu þessari falla úr gildi auglýsing nr. 207/1953 og auglýsing nr. 13/1954, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

*Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1954.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Sig. Áskelsson.*

**92**

28. júní

## AUGLÝSING

um kjötskoðun í Reykjavík.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22 febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1954, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húsa- kynnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum .....	kr. 25.00
Fyrir hvern svinsskrokk .....	— 25.00
Fyrir hvern kálfsskrokk .....	— 10.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum 14. greinar nefndra laga.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*